

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1195/2017, um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað „1.596.198 kr.“ kemur: 1.669.632 kr.
- b. 3. málslíður orðast svo: Lífeyrisþegi skal hafa 3.900.000 kr. almennt frítekjumark auk 2.400.000 kr. sérstaks frítekjumarks vegna atvinnutekna við útreikning hálfis ellilífeyris.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 7. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 23. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 1339/2020, um breytingu á reglugerð nr. 1195/2017, um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**  
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Gunnhildur Gunnarsdóttir.*